



Akstursíþróttasamband Íslands

Stofnþing 20.12.2012

Stofnþing Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í fundarsal E 20. desember 2012 kl. 16:00.

1. Þingsetning

Ólafur Rafnson forseti ÍSí setti þingið og sagði m.a. að stofnun sérsambands fyrir akstursíþróttir væri stór áfangi og bauð akstursíþróttamenn velkomna í íþróttafjölskylduna. Nú er tími til að horfa fram á veginn.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Forseti ÍSí tilnefndi Hafstein Pálsson sem þingforseta og Þránd Arnþórsson sem þingritara.

Það var samþykkt með dynjandi lófataki.

Hafsteinn fór yfir boðun þingsins og spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun stofnþingsins. Það var ekki og lýsti hann því fundinn löglegan.

3. Kjörbréf

Þingforseti fór yfir kjörbréf. Fulltrúar sjö héraðssambanda og íþróttabandalaga voru áttu fulltrúa á stofnfundinum.

HSK – Héraðssambandið Skarphéðinn – 1 mættur af 2.

ÍBA - Íþróttabandalag Akureyrar – 2 mættir af 2.

ÍBH – Íþróttabandalag Hafnarfjarðar – 3 mættir af 3.

ÍBR – Íþróttabandalag Reykjavíkur – 2 mættir af 2.

ÍRB – Íþróttabandalag Reykjanesbæjar – 3 mættir af 3.

UÍA – Ungmenna og íþróttasamband Austurlands – 1 mættur af 2.

UMSS – Ungmennasamband Skagafjarðar – 1 mættur af 2.

Samtals voru því 13 atkvæðisbærir fulltrúar mættir.

4. Ávörp gesta

Enginn gestur óskaði eftir að taka til máls.

5. Lög AKÍS

Lárus Blöndal lagði fram og fór yfir tillögu að lögum fyrir Akstursíþróttasamband Íslands.

Ingólfur frá Kvartmíluklúbbnum lagði til að málsgrein um myndatökurétt í 5. grein laganna yrði felld út. Auk þess lagði Ingólfur til að miða ætti við iðkendafjölda í 6. grein laganna.

Porkell frá Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur lýsti yfir mikilli ánægju með stofnun sambandsins og lögnum. Þó mætti afmarka betur ákvæði um myndatökurétt, t.d. með reglugerð.

Hrafnkell frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar sagðist styðja Ingólf varðandi myndatökuréttinn.

Lárus sagði að þessi atriði hefðu verið rædd í undirbúningi stofnunarinnar og lagði til að lög in yrðu samþykkt óbreytt.

Gengið var til atvæða um tillögur Ingólfs.

Breytingartillaga við 5. grein var felld með 9 atkvæðum gegn 4.

Breytingartillaga við 6. grein var felld með 9 atkvæðum gegn 4.

Lögin voru því borin óbreytt undir atkvæði.

Lög sambandsins voru samþykkt með 11 atkvæðum gegn 2.

6. Kosning stjórnar

Lögð var fram tillaga um skipun stjórnar AKÍS:

Formaður - Lárus Blöndal – samþykkt með lófataki.

Meðstjórnendur:

Ari Jóhannsson

Björgvin Ólafsson

Guðbergur Reynisson

Gunnar Hjálmarsson

Ragnar Róbertsson

Ólafur Guðmundsson

Tryggvi M. Þórðarson

Samþykkt með lófataki.

Lögð var fram tillaga um skoðunarmenn AKÍS:

Gunnar Bragason

Jón Gestur Viggósson

Samþykkt með lófataki.

7. Þingslit

Ólafur Rafnsson þakkaði fyrir góðan fund og óskaði akstursíþróttamönnum til hamingju með þennan áfanga.

Fundi slitið um kl. 16:57

Þrándur Arnþórsson

Mættir:

Ólafur Guðmundsson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA, LÍA
Tryggvi M Þórðarson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA
Gunnar Hjálmarsson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA
Ragnar Róbertsson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA, Stimpill
Björgvin Ólafsson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA, Bílklúbbur Akureyrar
Stefán Örn Steinþórsson - Bílklúbbur Akureyrar
Davíð Ólafsson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA, Kvartmíluklúbburinn
Guðbergur Reynisson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA, ÍRB, AÍFS
Hrafnkell Marínósson - ÍBH
Ingólfur Arnarson – KK
Ari Jóhannsson – KK
Garðar Svansson – ÍSÍ
Helga St. Guðmundsdóttir – ÍSÍ
Ingibjörg Bergrós Jóhannesd. – ÍSÍ
Þorkell Símonarson – BÍKR
Guðmundur Höskuldsson - BÍKR
Þórður G. Ingvarsson – Bílklúbbur Skagafjarðar
Henning Ólafsson – Akstursíþróttafélag Suðurnesja
Leó Viðar Björnsson – Torfærklúbbur Suðurlands
Guðmundur Darri McKinstry - BÍKR
Hörður Darri McKinstry - BÍKR
Friðrik Einarsson – ÍSÍ
Gunnar Bragason – ÍSÍ
Pétur Gauti Hreinsson – UÍA
Örn Arndrédsson – ÍSÍ
Frímann Ari Ferdinandsson – ÍBR
Hans Steinar Bjarnason – RÚV
Sigríður Jónsdóttir – ÍSÍ
Gunnar Bjarnason - AÍH
Þrándur Arnþórsson – Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA
Líney R. Halldórsdóttir - ÍSÍ
Lárus Blöndal – ÍSÍ
Hafsteinn Pálsson – ÍSÍ
Ólafur Rafnsson - ÍSÍ